um lánasjóð fyrir tækninýjungar í iðnaði.

Flm.: Sveinn Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á, hvort ekki sé tímabært, að stofnaður verði lánasjóður til örvunar á framleiðslunýjungum til stuðnings íslenzkum iðnaði. Ef slík sjóðsstofnun er álitin tímabær, þá verði lagt fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um stofnun slíks lánasjóðs, er hafi það markmið að styðja með lánum að framkvæmd hugmynda, er hafi raunhæfa þýðingu til örvunar nýjungum í iðnaðarframleiðslu landsmanna.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur margsýnt sig, að tækniframfarir á mörgum sviðum hafa gjörbreytt atvinnuháttum okkar Íslendinga. Margar góðar hugmyndir hafa komið fram hjá hugvitssömum mönnum eða þróazt hjá vinnandi mönnum við dagleg störf. Getur oft verið það kostnaðarsamt að gera góðar hugmyndir raunhæfar, að það tefji fyrir eða stöðvi eðlilegan framgang þeirra.

Nágrannaþjóðir okkar, t. d. Norðmenn, hafa því efnt til sjóðsstofnunar, er hefur það markmið, að hugmyndir, sem geti haft raunhæft gildi fyrir norskan iðnað, komist til framkvæmda. Ekki er ólíklegt, að við Íslendingar getum haft reynslu Norðmanna í þessum efnum okkur til fyrirmyndar, en hér á landi er slíkur sjóður til eflingar tækninýjungum í iðnaði ekki fyrir hendi. Þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir, að kannað sé til hlítar, hvort ekki sé tímabært, að slíkum sjóði sé komið á stofn, t. d. að fyrirmynd Norðmanna. Gert er ráð fyrir, að iðnaðarmálaráðherra sjái um, að slík athugun sé gerð í samráði við leiðandi samtök iðnaðarins.